Ed. **49. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flm.: Ingvar Pálmason.

Í stað orðanna „Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga" í 4. gr. laganna komi: Lína frá Brekku í Mjóafirði um Rima, Hof og Eldleysu að Dalatanga.

Aftan við sömu grein bætist: Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Búðum í Fáskrúðsfirði til Hafnarness. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum.

Greinargerð.

Á aukaþinginu 1933 flutti ég frv. sama efnis. Var því vinsamlega tekið í báðum deildum þingsins, en náði þó ekki fullnaðarafgreiðslu vegna tímaskorts. Vísast til greinargerðar, er fylgdi því frv. (Alþt. 1933 (aukaþing) þskj. 12). Að öðru leyti verður gerð grein fyrir frv. í framsögu.